



## Notaðir lyftarar fá nýtt líf frá framleiðanda

### Jungheinrich brýtur blað í sögunni

Fyrsti framleiðandi lyftara sem setur upp fullkomna verksmiðju til að endurbyggja notaða lyftara, viðskiptamönnum sínum og umhverfi okkar til hagsbóta.



**JUNGHEINRICH**

[www.vbvorumedhondlun.is](http://www.vbvorumedhondlun.is)



## Allir geta notað endurbyggðan lyftara

### Skoðum kostina

#### **Notaðir lyftarar frá Jungheinrich hafa marga kosti.**

Jungheinrich notaðir lyftarar líta ekki bara vel út heldur afkasta þeir líka eins og nýir og endast lengi þar sem öll bygging tækjanna er sérlega öflug og allur frágangur er til fyrirmyndar.

Ef þú ert að leita að hagstæðum valkosti á móti nýjum lyftara þá er Jungheinrich með réttu lausnina fyrir þig. Við bjóðum víðtæka ábyrgð á endurbyggðum tækjum. Tækjum sem eru endurbyggð af atvinnuönnum og standast allar kröfur um öryggisbúnað. Allt sem þú þarft að gera er að segja okkur „nokkurn veginn“ hvað það er sem þig vantar. Við gefum þér gagnleg ráð og munum án efa geta fundið rétta lyftarann fyrir þig í gagnagrunni okkar þar sem yfir 25.000 notaðir lyftarar eru skráðir, staðsettir víðsvegar í veröldinni. Við finnum lausnina sérsníðna að þínum þörfum, tæknilega sem fjárhagslega.

#### **Endurbyggðir af atvinnuönnum.**

Allir notaðir lyftarar eru endurbyggðir samkvæmt Jungheinrich 4 stjörnu gæðastaðli. Þannig uppfylla þeir allar væntingar kaupenda sem og allar kröfur Vinnueftirlitsins.



### Umfangsmikil forskoðun fyrir endurbyggingu.

Allir notaðir lyftarar sem koma til okkar ganga í gegnum nákvæma skoðun. Vinsamlegast kynntu þér hversu langt við göngum í þessu.

Ef þú getur sagt „JÁ“ við einni eða fleiri af spurningunum sem eru hér til hliðar, flettu þá á næstu síðu og lestu um faglega aðferðafræði okkar og þá umfangsmiklu vinnu sem við leggjum í endurbyggingu Jungheinrich lyftaranna.

#### Parfagreiðing



- Fáar vinnustundir árlega.
- Við erum lítið fyrirtæki.
- Við leitum að ódýrri lausn.
- Við höfum sterka kostnaðarvitund.
- Við þurfum tæki með hraði, höfum ekki tíma til að bíða. Stuttur afhendingartími er mikilvægur.
- Við rekum heilan flota af lyfturum og okkur vantar afleysingatæki þegar aðaltækin eru í þjónustu eða verða fyrir óhappi.
- Fyrirtæki okkar er mjög ungt, við erum á byrjunarreit og getum ekki metið ávinning af kaupum á nýju tæki til langs tíma.



## Framleiðdir og svo endurbyggðir í Þýskalandi

### Jungheinrich notaðir lyftarar - sannanlega þýsk gæði

#### Hin mikla hæfni Jungheinrich sem framleiðanda fylgir tækinu allan líftímann.


Endurbyggingin fer fram í sérhæfðri verksmiðju sem skipt er upp í framleiðslulínur fyrir raflyftara annars vegar og dísellyftara hins vegar. Við komu í verksmiðjuna undirgangast öll tæki nákvæma forskoðun og að því loknu eru þau tekin í sundur. Íhlutirnir eru yfirfarnir og lagfærðir og öllum hlutum sem flokkast sem öryggisatriði er sjálfkrafa skipt út. Lyftarinn er svo endurbyggður með upprunalegum Jungheinrich íhlutum. Að lokum er lyftarinn málaður samkvæmt ströngustu stöðlum, sambærilegum við það sem gerist í bílaiðnaði. Það er verulega erfitt að sjá mun á nýjum lyftara og lyftara sem er endurbyggður af Jungheinrich.

#### Fagleg endurbygging með víðtækri ábyrgð.

##### Kostirnir eru:

- Áreiðanleiki: Faglega endurbyggðir lyftarar eru áreiðanlegir. Óvæntar upptökur eru fyrirbyggðar.
- Fjárhagslegt öryggi: Prófaðir, endurbyggðir og jafnvel nýir íhlutir (t.d. rafhlaða) eru besta vörnin við fjárhagslegu tjóni í rekstrinum.
- Tæknilegt öryggi: Allur öryggisbúnaður er ávallt í fullkomnu lagi og uppfyllir nýjustu öryggiskröfur yfirvalda.

- Ánægðir notendur: Hreinir og snyrtilegir lyftarar fá ávallt betri meðferð. „Eins og nýtt“ ástand sem og tæknilegar uppfærslur á tækinu skapa notandanum þægilegt og ánægjulegt umhverfi. Þetta skilar sér ekki bara í betri meðferð á tækinu, heldur líka í meiri framleiðni.



Heildarhugmyndin að baki löngum og arðbærum starfsferli lyftara:

Nýr Jungheinrich lyftari er seldur eða leigður.

Mörgum þessara lyftara er skilað til okkar aftur að loknu „fyrsta lífi“.

Við það tækifæri er tekin ákvörðun um „framhaldslíf“ tækjanna.

Ef sú ákvörðun er jákvæð er lyftarinn sendur í alvöru endurbyggingu.



Prep 1



Prep 2



Prep 3

## Fagleg og vönduð vinnubrögð

### Allt er kannað í kjölinn

#### Sjónræn áhrif:

- Eins og nýr: Þrifinn að utan sem að innan og almálaður.

#### Tæknileg framkvæmd:

- Lyftarinn er tekinn í sundur stykki fyrir stykki.
- Öllum slitnum og skemmdum íhlutum er skipt út.
- Endurbyggður með nýjum eða sem nýjum íhlutum.
- Öllum olíum, síum og hjólbörðum (með minna en 50% mynsturdýpt) er skipt út.
- Rafhlöður yfirfarnar.

#### Öryggi:

- Heildar öryggisprófun
- Allur öryggisbúnaður samkvæmt nýjustu reglum yfirvalda.
- Allar merkingar endurnýjaðar ef þær eru skemmdar.
- Víðtæk ábyrgð sem ver þig fyrir áföllum.

#### Fylgihlutir:

- Notandahandbók, varahlutalisti, lyklar og ástandsskýrsla.
- CE skírteini.



Prep 4



Prep 5



Prep 6

#### Prep 1:

Fagleg endurbygging hefst á nákvæmri forskoðun. Fyrsta þöntun á íhlutum er gerð og allir íhlutir sem tengjast öryggisbúnaði eru afskrifaðir án frekari prófana.

#### Prep 2:

Tækin skilin að stykki fyrir stykki og allir hlutir hreinsaðir vandlega. Allir vökvar s.s. bremsuvökvi, mótrolía, kælivökvi og olía af vökvakerfi eru tæmdir af tækjunum og þeir afsettir á umhverfisvænan hátt. Eftir að allir hlutir eru orðnir hreinir eru þeir skoðaðir vandlega og ákveðið hvað er nothæft og hverju þarf að skipta út

#### Prep 3:

Möstur eru algjörlega tekin í stykki. Alltaf er skipt um lyftikeðjur og legum er skipt út ef á þeim sést eitthvert slit.

#### Prep 4:

Lyftararnir eru slípaðir, grunnaðir og málaðir samkvæmt ströngum kröfum. Reyndar svo vel að sérfræðingur á erfitt með að sjá muninn á þeim og nýjum lyftara.

#### Prep 5:

Grind, mastur og aðrir íhlutir eru settir saman og tækin endurbyggð.

#### Prep 6:

Að lokinni samsetingu fara tækin í virkniprófun undir fullu álagi. Þaðan eru þau send í öryggisprófun þar sem öll virkni öryggisbúnaðar er reynd gagnvart nýjustu öryggisreglum. Að því loknu er gefið út CE skírteini og tækin eru tilbúin til afhendingar.





Jungheinrich  
Plants, Sales and  
Services Europe  
ISO 9001/ISO 14001



Jungheinrich trucks  
conform to the European  
Safety Requirements.

**JUNGHEINRICH**  
*Vel þess virði*

[www.vbvorumedhondlun.is](http://www.vbvorumedhondlun.is)